


Kjósarveitur
Möðruvellir
Opíó 11-16 laugard. og sunnud. **KJÓ SARVEITUR**

Kjósarveitur verða með opíó lagerhúsnæði sitt að Möðruvöllum, laugardag 11-16 og sunnudag 11-16. Hinir ýmsu sölu- og þjónustuaðilar verða einnig á staðnum og kynna allt sem við kemur hitaveitumálum, frá tengiskápum upp í heita pottinn. Fræðsla og góð tilboð. Kíktu í kaffi. kjosarveitur@kjos.is

Kaffi Kjós
Við Meðalfellsvatn
Opíó 11-22

Þjónustumiðstöð í suðurhlíð Meðalfells þar sem lögð er áhersla á að fólk geti notið veitinga í heimilislegu andrumslofti. Hoppukastali og fleira skemmtilegt á Kátt í Kjós. Opíó frá kl 11-22.
www.kaffikjos.is  Kaffi Kjós

Gældýragrafræitur
Hurðarbak
Opíó 12-17

Vorið 2002 vígði séra Pétur Þorsteinsson sérstakan grafit fyrir húsdýr í landi Hurðabaks í Kjós. Dýragrafræiturinn er sá fyrsti sinnar tegundar hér á landi.

SG textíl
Flekkudalsvegi 19a
Opíó 12-17

Sigga á Bakka opnar vinnustofuna sína í tilefni dagsins að Flekkudalsvegi 19a. Til sölu eru handunnar vörur úr meðal annars ull og silki. Einnig framleiðir Sigga skartgrip í úr roði. www.sgtextil.is

Gallerí NaNa
Flekkudalsvegi 18
Opíó 12-17

Í Gallerí NaNa eru glæsilegar handgerðar leðurtöskur skreyttar með fiskiroði og skinni ásamt fylgihlutum til sýnis og sölu. www.nana.is

Ásgarður
Saga Kjósarhrepps
Opíó 12-13

Gunnar Óskarsson hefur verið að rita sögu Kjósarhrepps undanfarin ár. Hann mun fara yfir það verk kl. 12:00 í Ásgarði

Kiðafell, 3
Trjácala
Opíó 12-17

Kiðafell 3 býður gestum hátíðarinnar heim til að líta á úrval garðplantna. Til sölu hinar ýmsu trjáplöntur, tré, runnar og fjölæringar.

Keramík
Eyrum 9, Eilífdsdal
Opíó 12-17

Sjöfn Ólafsdóttir hefur hannað ævintýraheim úr keramik. Hún er með vinnustofu sína í sumarbústaðahverfinu við Eilífdsdal, Eyrum 9.

Félagsgarður
Sveitamarkaður
Opíó 12-17

Í ár verður hinn vinsæli sveitamarkaður utandyra við Félagsgarð og þar standa til boða vörur úr sveitinni, matvara og handverk. Hægt verður að fá keypta bókina „Ungmennafélagið Drengur 100 ára saga“ og gömlu „Kjósarmyndina“ á markaðinum.

Félagsgarður
Kaffi kvenfélagsins
Opíó 12-17

Í Félagsgarði verður kaffihúsastemning að hætti Kvenfélagsins í Kjós þar geta gestir setið í rólegheitum, notið veitinga og spjallað. Agóði sölu veitinga mun renna til kaupa á hjartastuðtæki sem staðsett verður í hreppnum.

Félagsgarður
Klifurvagninn og Bláðrarinn
Opíó 14-16

Á vellinum við Félagsgarð verður klifurvagninn frá skátunum og mun „Bláðrarinn“ frá Sirkus Ísland búa til blöðruflugúr fyrir börnin.

Sogn
Sala á nautakjöti
Opíó 12-17

Sogn selur og framleiðir nautakjöt milliðalaust beint frá bónda. Glóðheitt hamborgarar beint af grillinu.

Salurinn í Eyrarkoti
„Tómstundagaman Björns“
Opíó 13-17

Yfirlitsýning á verkum Dr. Björns Sigurbjörnssonar frá Kiðafelli „Tómstundagaman Björns“ en hann verður 85 ára á árinu. Myndirnar spanna tímabilið frá seinna stríði allt til okkar tíma. Margar myndanna eru úr Kjósinni. Björn og Anna kona hans taka á móti gestum í Eyrarkoti.

Hvítanes
Leiðsögn um hernámssminjar
hefst kl. 14

Í Hvítanesi eru áhugaverðar herminjar og þar má enn sjá mannvirki breska hersins frá umsvifum hans í Hvalfirðinum. Magnús Þór Hafsteinsson verður með leiðsögn í Hvítanesi þar sem hann segir frá hlutverki Hvalfjarðar í styrjöldinni og minjum þar. Mæting kl. 14 í Hvítanesi.

Dagskrá Kátt í Kjós.

Laugardaginn 16. júlí.

12:00-13:00, Ásgarður. Farið yfir sögu Kjósarhrepps með Gunnar Óskarssyni.

14:00-15:00, Hvítanes. Leiðsögn um hernámsminjar með Magnúsi Hafsteinsyni.

14:00-16:00, Félagsgarður. Blaðrarinn frá Sirkusi Íslands fyrir börnin.

14:00-16:00, Félagsgarður. Klifurvagninn frá skátunum fyrir börnin.

13:00-17:00, Salurinn Eyrarkoti - yfirlitssýning.

12:00-17:00, Kaffisala kvenfélagsins í Félagsgarði. Ágóðinn rennur til kaupa á hjartastuðtæki.

12:00-17:00, Sogn- sala á nautakjöti.

11:00-22:00, Kaffi Kjós, sveitakaffihús við Meðalfellsvatn.

12:00-17:00, Gallery NaNa við Flekkudalsveg 18.

12:00-17:00, SG Textíl við Flekkudalsveg 19a.

12:00-17:00, Kiðafell 3 - trjáplöntur.

12:00-17:00, Eyrar 9, keramik - vinnustofa Sjafnar.

12:00-17:00, Hurðarbak - dýragrafreitur.

12:00-17:00, Félagsgarður – markaður.

11:00-16:00, Möðruvelli 1. Kjósarveitur verða með opið lagerhúsnæði sitt. Einnig á sunnudeginum á sama tíma.

23:00-03:00, Félagsgarður- dansleikur. Hjómsveitin er Festival og Veðurbarinn opinn. Húsið opnar kl. 21:00

